



Skýrsla um samráð

Efni samráðs

Samfélag okkar allra - Framtíð og stefna Íslands í málefnum innflytjenda
Hvítbók í málefnum innflytjenda

Samráð hófst

24. maí 2024

Samráði lauk

21. júní 2024

Fjöldi umsagna

Alls bárust 21 umsögn

Lengd skýrslu um samráð

5 bls.

Umsagnaraðilar (í stafrófsröð)

- Akureyrarbær
- Alþýðusamband Íslands (ASÍ)
- BSRB – Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
- BOFS – Barna og fjölskyldustofa
- Grímsnes- og Grafningshreppur
- Iðan fræðslusetur
- Jovana Pavlovic
- Landssamtökin Þroskahjálp
- Mannréttindaskrifstofa Íslands
- Mímir símenntun
- Rauði krossinn á Íslandi
- Reykjanesbær
- Reykjavíkurborg
- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Samtök atvinnulífsins
- Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi
- Símennt, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva
- Tungumálaskólinn ehf.
- Viðskiptaráð Íslands
- Zane Brikovska
- ÖBÍ réttindasamtök

Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim

Almennt fögnuðu umsagnaraðilar útkomu fyrstu draga að heildstæðri stefnu í málefnum innflytjenda á Íslandi. Ábendingar umsagnaraðila voru mjög gagnlegar og verður hér gerð grein fyrir því með hvaða hætti tekið hefur verið tillit til þeirra við gerð þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda sem lögð verður fyrir Alþingi að hausti 2024.

Ábendingar umsagnaraðila voru af ýmsum toga sem flestar lutu að markmiðum og mælikvörðum í hvítbókinni og drög að stefnu fjalla um. Ekki er greint frá öllum ábendingum í þessari greinargerð en tekin er afstaða til þeirra sem áhrif hafa á endanleg drög að stefnu.

Í umfjöllun um sjónarmið umsagnaraðila er fyrst fjallað um almennar athugasemdir. Þar á eftir tekur við umfjöllun um athugasemdir um umfjöllun einstaka efnisatriði hvítbókar. Er þeim raðað í sömu röð og þau koma fyrir í hvítbókinni með tilvísun í umfjöllunarkafla hvítbókar sem birtur er sem númer og heiti kafa. Þess er jafnframt getið hverjir umsagnaraðilar eru.

Almennar ábendingar

Samtök atvinnulífsins, ASÍ, Símennt, Mímir og Iðan fræðslusetur nefna öll í sínum umsögnum um hvítbókina að auka þurfi vægi framhaldsfræðslu og raunfærnimats þegar kemur að markmiðum og mælikvörðum í stefnu um innflytjendur. Benda þau á mikilvægi

raunfærnimats og framhaldsfræðslunnar sem fimmtu menntastofurinnar þegar kemur að innflytjendum með litla eða enga formlega menntun. Ráðuneytið ákveður að taka þessar ábendingar fyrir í almennum kafla þessarar greinargerðar því þær koma fyrir á fleirum en einum stað í hvítbók. Ráðuneytið tekur undir sjónarmið um mikilvægi framhaldsfræðslunnar og mikilvægi þess að meta raunfærni innflytjenda og hefur í samvinnu við fulltrúa í stýrihóp um stefnuna mótað tvö markmið og mælikvarða sem lúta að því að fjölga innflytjendum sem nýta sér raunfærnimat á stefnutímanum. Ráðuneytið telur ekki nauðsyn til að fjölga markmiðum og mælikvörðum sem lúta að raunfærnimati og telja núverandi markmið og mælikvarða ná yfir mikilvægi raunfærnimats í stefnudrögunum. Þegar kemur að ábendingum um mikilvægi framhaldsfræðslunnar tekur ráðuneytið fulls hugar undir þau sjónarmið en telur ekki rétt á þessum tímavarki að móta hlutverk framhaldsfræðslunnar fyrir innflytjendur í þessari stefnu á meðan stefnumótunarvinna í þeim málaflokki er í öðrum farvegi. Þar mun ráðuneytið tryggja að skýrt verði kveðið á um hlutverk framhaldsfræðslu fyrir innflytjendur á Íslandi þannig að markmið framhaldsfræðslunnar styðji stefnu í málefnum innflytjenda almennt.

Öryrkjabandalag Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands og Landssamtökin Þroskahjálþ benda öll á að lítið sé kveðið á um stöðu fatlaðra innflytjenda í hvítbók og að nokkuð vanti upp á umfjöllun, markmið og mælikvarða til að rétta hlut þess hóps. Ráðuneytið hefur skilning á sjónarmiðum umsagnaraðila en valin var sú leið að fjalla ekki sérstaklega um hópa innflytjenda á borð við fatlaða, eldra fólk, hinsegin fólk eða aðra hópa innflytjenda í almennri stefnu í málefnum innflytjenda. Að mati ráðuneytisins fer betur á því að markmið og mælikvarðar tengd sértækum stefnum á málefna sviði fatlaðra, aldraðra o.s.frv. taki mið af þörfum innflytjenda innan hvers hóps og geri það í samhljómi við stefnu stjórnvalda í málefnum innflytjenda. Þessi nálgun útiloki þó ekki að ráðist sé í sértækar aðgerðir hvað varðar fatlaða innflytjendur á stefnutímanum.

Samband Íslenskra sveitarfélaga bendir á í umsögn sinni að það skorti á umfjöllun, markmið og mælikvarða sem lúta að íslenskufærni, námsgögnum og gæði kennslu til barna innflytjenda. Reykjavíkurborg bendir einnig á mikilvægi þess að fjölga mælikvörðum sérstaklega þegar horft er til aðstæðna barna flóttafólks t.d. er varðar að mæla þann stuðning sem börn fá í skóla og frístundastarfi. Einnig bendir Reykjavíkurborg á að fjölga þurfi mælikvörðum er varða stöðu barna almennt. Ráðuneytið hefur skilning á sjónarmiðum Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar þegar kemur að stöðu barna innflytjenda í skólakerfinu. Ráðuneytið telur engu að síður að betur fari á að fjallað sé um slíka mælikvarða innan almennra stefna í menntamálum og velferð barna s.s. stefnu um barnvænt samfélag, menntastefnu og aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla fremur en stefnu í málefnum innflytjenda.

Reykjavíkurborg benti á að skortur væri á mælikvörðum um geðheilbrigði innflytjenda í hvítbók en þá vill ráðuneytið benda á það að öflugar aðgerðir í framkvæmdaáætlun lúta að því að veita geðheilbrigðisþjónustu við flóttafólk og í samhengi aðgerðarinnar verður til mælikvarði sem hægt væri að horfa til í því samhengi. Rauði krossinn gerir einnig athugasemd við það að mælikvarða vanti t.d. er lítið að velferð og þakkar ráðuneytið fyrir þær ábendingar en bendir í því samhengi til þeirra aðgerða í framkvæmdaáætlun sem lúta munu að rannsóknum á högum og líðan innflytjenda á stefnutímanum. Þar munu koma fram skýrir mælikvarðar sem sýni þróun sem unnt verður að bregðast við sé það nauðsynlegt.

1. Inngangur

Rauði krossinn gerir athugasemd við þá staðreynd að skilgreiningu á hugtakinu flóttamenn vantar í ensku þýðingu hvítbókar þannig að erfitt er að gera sér grein fyrir því hvaða fólk falli þar undir. Biðst ráðuneytið afsökunar á þeim mistökum er urðu þegar neðanmálgrein í ensku þýðingunni datt út þar sem hugtakið var skilgreint en slík neðanmálgrein skilaði sér í bæði íslensku frumútgáfu hvítbókar og pólska þýðingu. Einnig var hugtakið skýrt í hugtakaskýringarkafla á öllum tungumálum.

Reykjavíkurborg vakti athygli á því að ekkert er fjallað um þann hóp umsækjenda um alþjóðlega vernd sem fengið hefur synjun og nýtur ekki lengur réttinda í samræmi við 33. gr. útlendingalaga nr. 80/2016. Telur Reykjavíkurborg mikilvægt að ávarpa stöðu þess hóps í stefnu og skýra ábyrgðarsvið sveitarfélaga og ríkis í þjónustu við hópinn. Ráðuneytið skilur sjónarmiðin en áréttar að stefnumótun þessi snýr að innflytjendum á Íslandi, þar með þá sem fengið hafa dvalarleyfi hér á landi eftir umsókn um alþjóðlega vernd enda er þjónusta við þann hóp flóttafólks á hendi félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins sem stýrir þessari stefnumótun. Stefnumótun um þjónustu við þann hóp umsækjenda um alþjóðlega vernd sem fengið hefur synjun um dvalarleyfi fer fram á öðrum vettvangi og er á forræði dómsmálaráðuneytisins.

2.2.2. Meginmarkmið 1 – Þátttaka, jafnrétti og fjölbreytileiki

Samband íslenskra sveitarfélaga kom með tillögu að því að skoða það að setja inn mælikvarða um kynbundið ofbeldi í ljósi þess að meiri hætta sé á því að konur með innflytjendabakgrunn leiti til Kvennaathvarfsins en almennt gerist meðal kvenna í samfélaginu. Ráðuneytið tekur undir mikilvægi þess að fylgjast með þróun koma í Kvennaathvarfið en telur ekki hægt að hafa slíkan mælikvarða í opinberri stefnu í málaflokknum. Ástæðan er sú að í stefnu sem þessari er leitast eftir að setja inn mælikvarða sem eru á forræði ríkisins og stofnana þess. Erfitt getur reynst að byggja á mælikvörðum utanaðkomandi aðila þótt hægt sé að eiga samtarf um miðlun upplýsinga svo bregðast megi við þróun á þessu sviði líkt og gert er.

Samtök kvenna af erlendum uppruna telja ekki nægjanlega lýsandi fyrir stöðu kvenna á vinnumarkaði að horfa eingöngu til mælikvarða um atvinnuþátttöku. Ástæðan er sú að konur sinni fremur störfum sem samræmast ekki menntun þeirra og eru frekar í störfum þar sem vinnuaðstæður eru ekki sem bestar. Ráðuneytið tekur undir þessi sjónarmið og þess vegna er meðal annars horft til þess að setja markmið í stefnu þessari um að nýta betur menntun innflytjenda. Hins vegar telur ráðuneytið að nauðsynlegt sé að horfa til atvinnuþátttöku sem sérstaks mælikvarða í samhengi við markmið um jöfn tækifæri til atvinnu, ekki síst þar sem slíkur mælikvarði er lykilmælikvarði í samanburðarlöndum OECD.

Reykjanesbær telur að fremur neikvæð slagsíða sé á mælikvörðum í stefnunni þar sem sérstaklega sé mæld atvinnuþátttaka kvenna en ekki annarra kynja og horft sé til atvinnuleysis fremur en hlutfalls innflytjenda í eigin rekstri. Ráðuneytið bendir á í því samhengi að reynt sé að setja upp mælikvarða sem fylgjast þarf sérstaklega með og þróun á Norðurlöndum sýnir að fylgjast þurfi sérstaklega með til að viðhalda jöfnum tækifærum og jafnri stöðu. Þar er atvinnuþátttaka kvenna í forgrunni og því er horft sérstaklega til þess hóps í stefnunni. Einnig bendir Reykjanesbær á að greina þurfi mælikvarðana út frá landsvæðum til þess að sérstök landsvæði geti brugðist við þróun á stefnutímanum. Undir

Það tekur ráðuneytið og í öllum tilfellum verður reynt að nálgast gögn niður á landshluta þegar eftirfylgni stefnunnar hefst.

2.2.3. Meginmarkmið 2 – Upplýsingar, aðgengi og þjónusta

Samtök atvinnulífsins telja að mælikvarða og ábyrgðaraðila vanti er lúti að því hvernig gerð spár um mannafla- og færniþörf styðji við aðgengi innflytjenda að íslenskum vinnumarkaði. Ráðuneytið telur hins vegar að verkefni um spá á mannafla- og færniþörf vinnumarkaðarins sé sérstakt verkefni sem nái yfir stærra svið en málaflokk innflytjenda. Þar af leiðandi er látið nægja að nefna það verkefni sem einn þátt í því að innflytjendur njóti upplýsinga um það hvar menntun þeirra og hæfni geti notið sín á Íslandi. Einnig benda Samtök atvinnulífsins á að Fræðslusjóður geti ekki borið ábyrgð á mælikvarða í stefnunni þar sem uppfæra þurfi reglur og markmið sjóðsins ef svo ætti að vera. Ráðuneytið tekur tillit til þess og ber því sjálft ábyrgð á mælikvarðanum í þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun.

2.2.4. Meginmarkmið 3 – Samskipti og tungumál

Símennt, Mímir og Tungumálaskólinn komu með ábendingar um ýmis atriði er snúa að framkvæmd námsmats og eftirfylgni með fjölda námskeiða, námsplássu og námsleiða og aðsókn í þær. Þær ábendingar verða innlegg við þróun aðgerða er snúa að markmiðinu en hafa að öðru leiti ekki áhrif á inntak markmiðsins.

Að loknu samráði

Ljóst er að framangreindar umsagnir við hvítbók í málefnum innflytjenda munu nýtast við áframhaldandi vinnu við gerð þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Grænbókin og hvítbók með hliðsjón af umsögnum leggja grunn að framtíðarsýn, markmiðum, mælikvörðum og aðgerðum í málefnum innflytjenda til ársins 2038. Alþingi tekur til meðferðar þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda á haustþingi 2024.